

16. apríl 2024



Fjármálaáætlun 2025-2029

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Áherslur í fjármálaáætlun



Verjum sterka stöðu. Útgjaldavexti er haldið í skefjum til að stuðla að lækkun verðbólgu og vexti kaupmáttar.



Forgangsröðum verkefnum. Nýjum útgjöldum er mætt með aðhaldi í öðrum rekstri.




Lækkum skuldir. Tíð áföll kalla á lækkun skulda svo ríkissjóður sé í stakk búinn að verja samfélagið.

Vöxtur hagsældar á Íslandi í sérflokkki

Verkefnið er nú að verja þessa sterku stöðu. Aðhald styður við lækkun verðbólgu þannig að launahækkanir skili áfram kaupmætti.

Kaupmáttur launa á samræmdan mælikvarða

1. ársfjórðungur 2013 = 100



Heimild: Eurostat. Kaupmáttur launa á vinnustund miðað við samræmda vísitölu neysluverðs. Árstíðaleiðrétt laun í viðskiptahagkerfinu.

*Belgía, Þýskaland, Írland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Austurríki og Portúgal.




Þróun skulda heimilanna er jákvæð

Skuldir heimilanna hafa sjaldan á undanförnum áratugum verið lægri í hlutfalli við ráðstöfunartekjur þeirra.

Skuldir heimila

Hlutfall af ráðstöfunartekjum




Staða heimilanna er sterk – skuldir hóflegar í samanburði við nágrannalönd.

Aðgerðir stjórnvalda hafa skilað árangri

Hækkun vaxta og batnandi afkoma ríkissjóðs samhlíða vexti efnahagssumsvifa er bersýnilega að skila árangri í baráttunni við verðbólgu – en enn er nokkuð í land.

Verðbólga



Áframhaldandi lækkun verðbólgu er undir því komin að áfram séu teknar skynsamlegar ákvarðanir í hagstjórn.


Fjárfest í framtíðaratvinnugreinum

Góður árangur er að nást í að fjölga stoðum útflutnings. Brýnt er að búa þessum greinum samkeppnishæft rekstrarumhverfi og til þess þarf skynsamlega hagstjórn.

Stærð útflutningsgreina

Hlutfall af heildarútflutningi

■ Sjávarafurðir ■ Upprennandi útflutningsgreinar



Stoðum útflutnings fjölgar og fjölbreyttari störf verða til.


Þessar greinar eiga sérstaklega mikið undir efnahagslegum stöðugleika.

Afkoma ríkissjóðs stöðug í ár

Þrátt fyrir aðgerðir vegna Grindavíkur og í tengslum við kjarasamninga er afkoman ekki að versna milli ára.

Breytingar á afkomu ríkissjóðs milli 2023 og 2024

Milljarðar króna




Horfur um afkomu ríkissjóðs 2024 nánast þær sömu og þær voru um áramótin þrátt fyrir áskoranir.

Afkoman batnar áfram á næstu árum

Fjármálaáætlun sýnir að afkoma ríkissjóðs batni stöðugt á tímabili áætlunarinnar. Þessum bata verður náð með því að draga úr útgjaldavexti.

Afkoma ríkissjóðs batnar áfram

Afkoma ríkissjóðs, % af VLF



Afkomubati
m.a. vegna
óútfærðra
ráðstafana




Halli ríkissjóðs helmingast á næsta ári

Heildarjöfnuði í rekstri ríkissjóðs verði náð 2028 og afkoma ríkissjóðs verður jákvæð í lok tímabils fjármálaáætlunar.

Afkoma ríkissjóðs

Milljarðar króna




Tökum náð á útgjöldum ríkisins

Hóflegur útgjaldavöxtur á tímabili áætlunarinnar tryggir að útgjaldastig ríkissjóðs verður aftur í námunda við það sem var fyrir faraldurinn – það drífur batnandi afkomu.

Stefnumörkun um að halda aftur af útgjaldavexti skilar bættri afkomu ríkissjóðs

% af VLF




Skuldahlutfall ríkissjóðs fer lækkandi

Brýnt er að standa við fyrri áform um að skuldahlutfall lækki til þess að ríkissjóður sé í stakk búinn til að mæta óvæntum áföllum.

Skuldir ríkissjóðs eru stöðugar sem hlutfall af VLF og fara lækkandi undir lok tímabilsins

Skuldir samkvæmt fjármálareglu, % af VLF




Lækkun skuldahlutfalls er ekki síst drifin af söluverðmæti áformaðrar sölu Íslandsbanka og sölu annarra eigna síðar á tímabilinu.

Kjarapakki fyrir börn og barnafjölskyldur

Aðgerðir stjórnvalda auka ráðstöfunartekjur heimila, ekki síst við barnafjölskyldna og heimila við miðbik tekjudreifingarinnar.

Aukning ráðstöfunartekna á ári vegna aðgerða stjórnvalda tengdum kjarasamningum

Eftir tekjutíundum 25-66 ára með yfir 2,5 m.kr. á ári í atvinnutekjur



Framboð húsnæðis aukið

Enn frekari aðgerðir til að tryggja framboð húsnæðis í takt við þörf.



Markviss uppbygging hagkvæms húsnæðis fyrir tekjulægri heimili


- Styðjum við byggingu allt að **1.000 íbúða á ári** á tímabili kjarasamninga.
- Til þess hafa verið veitt stofnframlög vegna alls **3.500** hagkvæmra leiguíbúða.



Uppbygging auðvelduð og lóðaframboð aukið


- Ferlar í stjórnsýslu einfaldaðir og sveitarfélög tryggja byggingarhæfar lóðir.
- Aukin áhersla á þróunarreiti sem tilheyra ríkinu einkum undir íbúðabyggð í samstarfi við skipulagsyfirvöld, t.a.m. á Keldnalandi, Borgartúnsreit, Laugarnesreit og Seljavegi.

Stórefldur stuðningur við barnafjölskyldur




Barnabætur hækka og ná lengra upp tekjustigann

hlutfall barnabóta af launum hjá fólk í sambúð með tvö börn




Fæðingarorlofsgreiðslur gagnast betur fleirum hlutfall fæðingarorlofsgreiðslna af launum



Til viðbótar:


Rúmar 12.000 kr. mánaðarlega í gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum fyrir hvert barn.

Aukinn stuðningur við leigjendur



Húsaleigubætur hækka

hlutfall húsaleigubóta af launum hjá fólki í sambúð með tvö börn




- Grunnfjárhæðir hækka um 25%
- Stutt betur við fjölmennari heimili svo stuðningur fyrir allt að 6 heimilismenn í stað 4 áður.
- Eignaskerðingamörk hækka úr 8 í 12,5 millj. kr.

Til viðbótar til að stuðla að **læggra leiguverði** og **auka möguleika leigjenda að komast inn á eigendamákað** verður framboð húsnæðis aukið með allt að 36 milljarða stofnframlögum, hlutdeildarlánnum og byggingarhæfum lóðum.

Skýr forgangsröðun tryggir lækkandi hlutfall ríkisútgjalda af landsframleiðslu

Heildarútgjöld ríkissjóðs 2024-2029

Á verðlagi hvers árs og í hlutfalli við VLF



Ýmis forgangsmál

- Aðgerðir vegna kjarasamninga
- Heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins
- Auknir styrkir á sviði menningarmála
- Aukin framlög til ýmissa verkefna innan heilbrigðiskerfisins
- Aukin framlög til framhalds- og háskólaskólastigsins
- Stuðningur til nýsköpunar- og þróunarfyrirtækja
- Aukin framlög til orkumála

Helstu ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti

Áhersla á aðgerðir sem skapa svigrúm til nýrra og aukinna verkefna m.a. vegna kjarasamninga.

Heildarumfang: 17 ma.kr. 2025



Hliðrun eða niðurfelling verkefna

Verkefnum hliðrað eða fallið alfarið frá. Tilteknum byggingaverkefnum frestað þangað til meira svigrúm er í hagkerfinu.



Endurskoðun á forsendum og fjárveitingum

Forsendur endurskoðaðar s.s vegna hagræns eða kerfislægs vaxtar.

Fjárveitingar endurskoðaðar m.t.t. árangursmats aðgerða.



Kerfisbreytingar/endurskoðun fyrirkomulags

Fyrirkomulag endurskoðað.

Endurskoðun eldri samninga, rýni á safnliðum með hliðsjón af áherslum, forgangsverkefnum og árangri.



Hagræðing í rekstri

Með sameiningu stofnana eða útvistun verkefna.

Aðkeypt þjónusta endurmetin.



Dregið úr umfangi

Dregið verður úr umfangi almenna varasjóðsins frá fyrri fjármálaáætlun.

Hagræðing í ríkisrekstri

Skipulag við rekstur opinberrar þjónustu endurmetið með skilvirkari þjónustu við notendur og ódýrari rekstur að leiðarljósi.



Sameining stofnana

Stofnanir með sameiginleg viðfangsefni sameinaðar á grunni faglegs mats og í samráði við stjórnendur og starfsfólk.



Aukin skilvirkni

Aukinn kraftur í stafræna þjónustu og notkun gagna innan hins opinbera til að bæta þjónustu og hagræða.



Nefndum hjá ríkinu fækkað

Nefndum og stjórnnum fækkað og starfsemin samræmd til að ná auknum árangri og hagræðingu.



Innkaup og samrekstur

Aukin áhersla á hagkvæmari samninga og samrekstur sem eykur getu stofnana til að sinna kjarnaverkefnum.


Sala eigna nýtt til að greiða niður skuldir

Aukin áhersla verður lögð á kortlagningu eigna ríkisins með það fyrir augum að selja þær og lækka skuldir ríkissjóðs.



Ríkið á mikið af eignum sem hægt er að nýta betur

- Ríkið á yfir 40 fyrirtæki með samtals eigið fé yfir 1.000 ma.kr. (2022)
- Ríkissjóður er eigandi að um 900 fasteignum með heildarfermetrafjölda upp á 950.000 m² og ríflega 400 jörðum en bókfært virði þessara eigna er um 312 ma.kr.




Sala á Íslandsbanka

- Íslandsbanki verður seldur á fyrri hluta fjármálaáætlunar, en einnig verður horft til þess að losa aðrar eignir sem ekki nýtast við rekstur ríkisins.

Ríflega helmingi útgjalda ríkissjóðs er varið í félags- og heilbrigðismál

Hlutfallsleg skipting heildarútgjalda 2025-2029



Helstu fjárfestingar



Húsbyggingar

- Þjóðarhöll
- Bygging nýs Landspítala
- Nýtt fangelsi í stað Litla-Hrauns
- Ný legudeild Sjúkrahússins á Akureyri
- Hús heilbrigðisvísindasvið
- Verknámshús framhaldsskóla



Samgönguframkvæmdir

- Framkvæmdir á vegakerfinu
- Samgöngusáttmálinn



Rannsóknir, þróun og endurgreiðslur

- Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja
- Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar
- Rannsóknasjóður
- Tækniþróunarsjóður
- Rammaáætlanir ESB



Aðrar fjárfestingar

- Stofnframlög til bygginga á leiguíbúðum
- Styrkir til orkuskipta
- Ofanflóðasjóður

Verkefnastofa um samgöngugjöld vinnur að nýju framtíðartekjuöflunarkerfi



Fyrsta skref

Kílómetragjald lagt á **rafmagns- og tengiltvinnbíla**

Eigendur skráðu kílómetra-
stöðu og áætlaðan akstur
inn á *island.is* í janúar

51 þús.
bílar



Annað skref

Kílómetragjald lagt á **alla bíla**, þar með talið bensín-
og dísilbíla, frá og með 2025

Eldsneytisskattar verða
endurskoðaðir samhliða

232 þús.
bílar
til viðbótar



Framtíðar- tekjuöflunarkerfi vegna umferðar & orkuskipta

Skatttekjur af ökutækjum og
eldsneyti nái fyrra
meðaltali* og verði

1,7% af VLF


árið 2027

Fjármálaáætlun 2025-2029:


Öflugar staðir verða enn sterkari



Fjölbreyttara atvinnulíf



Mikil vaxtartækifæri



Sterkari staða heimilanna



Traustari ríkissjóður